Smásmygli.
Sjö smádæmi um óvenjulega
smámunasemi og nánasarhátt.

2 blöð qto. Reykjavík, 10. janúar 1937.

2.

Smá smygli

1. Sá var siður á ríkismannsheimili einn að skamta viðbit pannig, að brødingi var helt í trog, og er hann storknaði, var hverjum heimilismanni afmarkaður reitur í brødingstroginn; voru reitirnir misstórir, eftir því hvort í hlut átti karlmaður, kvenmaður eða krakki. Átti síðan hver þeirra að taka sér viðbit úr þeim reitnum er honum var afmarkaður og honum tilheyrði, en ekki frá öðrum.
Kæmi nú gestur á heimili þetta og fengi að borða –, sem reyndar var nú ekki ödi-oft –, var tekin ofurlítil sneið af hverjum reiti og sneiðunum safnað í eina heild, er nægja skyldi sem viðbit handa gestinum.
Á þennan hátt lagði sérhver heimilismaður sinn hluta viðbitsins handa gestinum og galt hann því þess, að hann bar að garði.

2. Fyrir svo sem 90 árum voru ríkishjón ein, sem gerðu þá kröfu til hjúa sinna, sjálfra sín, og allra heimilismanna sinna, að þá er þeir fengu blóðmör að eta, skyldu þeir einnig eta loðbandsþráð þann, er blóðmörsiðrin voru sammuð með, svo og öll fyrirbönd um langana og keppina.

3. Bóndi einn bordaði ávalt smjörviðbit sitt á þann hátt, að hann stakk litlu borjárni í smjörið og sleikti af. – Var eigi hægt ad segja, að hann æti þurtí.

4. Vellríkur prestur einn gjörði vinnufólki sínu reikning fyrir flutningsgjaldi á sérhverju því, er það flutti úr kaupstad; t. d. tók hann 1½ eyri fyrir að flytja tóbaks-kögguliun eina dagleið og 2 aura fyrir brennivinsflöskuna sömu leið og vitanlega því meir, sem varan var fyrirferðarmeiri eða þyngri.

5. Fyrst eftir ad farid var ad nota kandis sykur med kaffinu, hafdi rikismadur einn á Vesturlandi þann sid ad nota einn sykurmola handa öllu heimilis fólki sínu, þannig, ad molinn var látinn ganga frá manni til manns, þó er þeir drukku kaffi og mátti enginn hafa molann lengur í munni sér en rétt á medan, heldur láta molann ganga til hinsnæsta.

6. Í fjölmennu sjóþorpi einn, þar sem saman voru komnir 500-600 sjómenn, bar þad oft vid, ad sumir þeirra fengu fingurmein, rifu sig á önglum eda höfðu afrifur á úlfliðum. Þeir leitudu þó oft til konu heimabóndans um fingurtröf og kostudu þau jafnan 2 aura hvert, og 5 aura, ef sárin voru mörg og stór.

7. Pósthús öll, svo og landsíminn, taka 5 aura fyrir hverja þá kvittun, er rúlsisstofnanir þessar láta vidskiftamönnum sínum í té.

10-1.-'37

[signature]